

**Ed.** **70. Frumvarp til laga** [58. mál]  
um breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 75 13. maí 1966.

Flm.: Jón Ármann Héðinsson.

**1. gr.**

Við 2. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, er orðast svo:

Jafnframt skal stofna tæknideild við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hafi það hlutverk að veita mönnum upplýsingar um skip, vélar, tæki og annan útbúnað varðandi fiskiskip og togara.

Tæknideildin safni gögnum um reynslu, notagildi og verð á útbúnaði í skipin. Tæknideildinni ber að veita skipakaupendum og íslenskum skipasmiðastöðvum upplýsingar, sem þörf krefur við undirbúning á smíði og kaupum skipa.

Í reglugerð skal ákveða nánar um starfsemi þessa og gjald fyrir veitta þjónustu.

**2. gr.**

Lög þessi taka þegar gildi.

### Greinargerð.

Öllum er kunnugt, hversu stórstigar framfarir hafa átt sér stað í skipasmíði og öllum útbúnaði varðandi fiskiskip okkar Íslendinga hin seinustu ár.

Það hefur vakið verðskuldaða athygli, hversu íslenzkir skipstjórnarmenn hafa verið fljótir að tileinka sér þá tækni, sem átt hefur sér stað á undanförunum árum, og náð almennt lengra en erlendir stéttarbræður við sildveiðar. Þrátt fyrir þetta hafa ýmis mistök átt sér stað um val tækja og frágang. Afleiðing þessara mistaka hefur kostað hina einstöku kaupendur tækja stórfé og yfirleitt fallið óbætt á viðkomandi aðila.

Það er álit allra, sem kunnugir eru þessu vandamáli við rekstur skipaflotans, að í fjölmörgum tilfellum hefði mátt koma í veg fyrir stórtjón af þessu tagi, ef nægilegar upplýsingar um frágang og útbúnað hefðu verið tiltækar.

Mjög mikil ásókn hefur verið frá hendi seljenda á væntalega skipakaupendur, og rígnir margvíslegum tilboðum um hin ýmsu tæki yfir væntanlega eigendur skipanna. Því miður hefur umsögn um ágæti tækjanna ekki nærri alltaf verið í samræmi við reynslu kaupenda. Þótt kaupandi verði fyrir meira eða minna tjóni, fást í langflestum tilfellum engar skaðabætur og enn síður nokkuð upp í aflatjónið, sem getur numið stórupphæðum og ráðið straumhvörfum um rekstur viðkomandi báts.

Það er staðreynd, að ýmsir umboðsmenn tækja, er með lagni og miklum áróðri selja í skipin, hafa enga sérþekkingu á tækjunum eða geta veitt viðgerðarþjónustu, svo að viðunandi sé. Kaupandi á oft á tíðum örðugt með að athuga nægilega vel um verð, gildi og reynslu tækis, en með aðstoð frá tæknideild, eins og flutningsmaður hugsar sér hana, mun álit hlutlauss aðila liggja fyrir til hjálpar við ákvörðun um kaupin.

Á undanförunum árum hefur Fiskveiðasjóður Íslands yfirleitt ekki gagnrýnt eða skipt sér beint af kaupum tækja í sildveiðiskip landsmanna. Það ætti þó að vera sjóðnum áhugamál, að vel takist til um val á svo miklum kostnaðarlið, sem tækin og vélbúnaður allur er í nútímaskipi. Þó er rétt að gæta þess, að upp á síðkastið hefur sjóðurinn leitað til einkaaðila um ráðleggingar og mat á útbúnaði við kaup á fiskiskipum. Einnig hefur Fiskifélag Íslands ráðið til sín tæknimann, er einkum mun eiga að aðstoða við val á fiskileitartækjum. Þetta er veruleg framför frá því, sem áður var, en er hvergi nærri fullnægjandi.

Það er tilgangur þessa frumvarps að koma á fót tæknideild, er geti starfað með góðum árangri fyrir kaupendur skipa og eins veitt innlendum skipasmíða-stöðvum upplýsingar um hin margvíslegu tæki, eftir því, er þær kunna að óska. Hefði slík þjónusta verið fyrir hendi strax í ársbyrjun 1960, má fullyrða, að frá milljónatuga sóun hefði verið forðað.